

# EYSTRAHORN

10.tbl. 41. árgangur

23.mars 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



Ljósmynd: Kristján Reynir Ívarsson

# ELDAR MATINN Í FERMINGARVEISLUNA SJÁLFUR



Mynd/Kristján Reynir Ívarsson búinn að verka kjöt

Kristján Reynir Ívarsson er ungur maður sem er margt til lista lagt. Hann er áhugaljósmyndari og tekur aðallega myndir af fuglum. Það gerir hann með afa sínum, vanalega fara þeir út í Ósland til þess að taka myndir af æðakollum og öndum. Hann náði mynd af hvítum skógarpresti á síðasta ári sem hann segir sjaldgæfa fuglinn sem hann hefur fest á filmu.

Þegar Kristján er ekki að taka myndir, veiða, spila fótbolta, úti á golfvelli eða leika við vini sína finnst Kristjáni gaman að elda mat. Hann byrjaði mjög ungur að prófa sig áfram í bakstri og segir móðir hans Anna Björg hafa verið viss um að hann hefði orðið bakari. Nú hefur hann skipt um gír og fært sig yfir í matargerð. Kristjáni finnst skemmtilegast að elda kjöt sem hann gerir mikið af með pabba sínum Ívari, en þeir eru báðir miklir kjötmenn.

Kristján Reynir fermist í sumar eins og síður er á 14 árinu. Mörg fermingarborn gleðjast yfir þessum degi af mörgum ástæðum en iðulega vegna þess að á fermingardaginn eru gefnar gjafir. En Kristján er á öðrum buxum hvað það varðar. Hann er spenntastur yfir því að fá að elda fyrir veislugestina sína. Kristján tekur virkan þátt í undirbúningi veislunnar, með hjálp foreldra sinna. Hann er búinn að ákveða matseðil sem ekki er af verri endanum

og ætlar að elda matinn sjálfur að mestu leyti. Hann ætlar að bjóða veislugestum upp á: Folaldaspjót, smá hamborgara, hann ætlar að grafa folald, reykja gæs og svartfugl ásamt því að útbúa istertu, kransaköku og fermingaköku.

Hann hefur aldrei eldað fyrir slíkan fjölda af matargestum enda búast þau við í kringum 90 manns í veisluna. Kristján segist þó ekkert vera stressaður fyrir því og að hann ætli að undirbúa sig vel og er þegar byrjaður.

Kristján segist hafa lært að elda með pabba sínum og með því að horfa á matreiðsluþætti eins og BBQ kónginn og Lækninn í eldhúsinu. Skemmtilegast finnst honum að elda nautasteik sem jafnframt er uppáhalds maturinn hans. Hann notast mest við uppskriftir sem hann finnur en gerir þær að sínum til að mynda sendi hann veglega uppskrift í Eystrahorn 9.mars síðastliðinn sem hann útfærði ásamt pabba sínum.

Kristján stefnir á að verða kokkur eins og staðan er núna. Hver svo sem framtíðin verður er hún björt fyrir þessum efnilega unga manni. Eystrahorn þakkar Kristjáni fyrir spjallið og óskar honum til hamingju með fermingardaginn sem framundan er og að veislugestum hans verði að góðu, þeir eiga sannkallaða veislu í vændum.



Ljósmynd eftir Kristján Reyni Ívarsson



Ljósmynd eftir Kristján Reyni Ívarsson



Ljósmynd eftir Kristján Reyni Ívarsson



## HAFNARKIRKJA

Kyrrðarstund á föstu fimmtudaginn  
23. mars kl. 18:15

Sjá nánar á [www.bjarnanesprestakall.is](http://www.bjarnanesprestakall.is)  
Allir velkomnir

Lifandi vatn  
Lífandi vatni er lífið hjá okkur.

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur  
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir  
fimmtudaga klukkan 19:30

VÍÐ HÖKKUM ÉI AÐ SJÁ ÞIG

Instagram Facebook

Jesús segir:  
Ei nekkurn þyrstir þá komi hann  
til mín og drekki.  
Ei þyrfa þess sem trúa á mig  
muna renna  
Lokar lífshvítu

Fyrir fermingabarnið  
Rúm, náttborð, sængur, koddar,  
rúmföt og fleira



*Húsgagnaval*  
Húsgögn og gjafavörur

S: 478-2535 / 898-3664  
Opíð virka daga kl.13-18

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



Aðalfundur Félags eldri  
Hornfirðingaverður haldinn í Ekru  
fimmtudaginn 23. mars kl. 17:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Gestur fundarins: **Erla Björg Sigurðardóttir**  
félagsmálastjóri.

Léttar veitingar í lokin.

Sýnum hvað félagið er okkur mikils virði með  
því að fjölmenna. Nýir félagar velkomnir.

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu  
mér samhug og hlýhug vegna Sidda míns.  
Sigtryggs Benedikts, Hæðargarði 6.  
Sérlegar þakkir til starfsfólks Skjólgarðs.

kær kveðja  
Bryndís Flosadóttir

## Leiðrétting

Í síðasta blaði var sagt frá fjáröflunum 4.flokki í  
knattspyrnu það leiðrétist hér með að um er að ræða  
bæði 4. og 3.flokk í knattspyrnu.

Ungmennafélag Sindra



## Gerast styrktarvinur Eystrahorns

*Við viljum hvetja lesendur Eystrahorns að kynna sér styrktarvini Eystrahorns.*  
Þeir sem vilja styrkja útgáfuna geta greitt frjálst framlag, inn á reikning útgáfunnar.  
Hægt er að greiða áskriftina t.d. mánaðarlega, nokkra mánuði í einu eða eins og  
hentar hverjum og einum.

[www.eystrahorn.is/askrift](http://www.eystrahorn.is/askrift)



Austurbraut 20 Sími: 662-8281  
Útgefandi: Eystrahorn ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Netfang: [arndis@eystrahorn.is](mailto:arndis@eystrahorn.is) Prófarkalestur:  
Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Prentun: Litlaprent  
ISSN 1670-4126



# FERMINGARMINNING GUÐBJARGAR SIGURÐARDÓTTUR



Mynd/Guðbjörg Sigurðardóttir

Feringin mín fór fram 17.maí árið 1964 í Kálfafellskirkju í Suðursveit við vorum tvö fermingarsystkini sem fermdumst þennan dag. Ég var í ljósbláum fermingarkjól sem móðir mín saumaði á mig og hælaskóm. Á þeim tíma mátti maður fyrst fara í hælaskó á fermingunni, ég fékk þá nokkrum dögum áður til þess að æfa mig í að ganga á þeim. Ég man að ég fékk úr í fermingargjöf frá foreldrum mínum sem ég var ægilega montin af. Fram að því átti maður ekki úr eins merkilegt og það kann að hljóma núna.

Við vorum fyrstu fermingarbörn séra Fjalars Sigurjónssonar sem var þar nýráðinn prestur. Við vorum heima hjá þeim hjónum fyrir ferminguna að klæða okkur í kyrtlana þegar það uppgötvast að orðið hafi misskilningur um kaup á messuvíni og obblátum, svo hvorugt var til fyrir fermingun og ekki hægt að taka okkur til altaris. Ég var tekin ári seinna og sá sem fermdist með mér var ekki tekin til altaris fyrr en mörgum árum seinna. Feringarundirbúningurinn var

svolítið öðruvísi en hann er núna, þá fórum við öll börnin úr sveitunum til prestsins í 1 viku og lærðum sálmana, það var ekki hægt að dreifa þessu yfir allan veturinn vegalengdirnar voru svo miklar á þeim tíma.

Feringar voru haldnar hátíðlegar í sveitinni. Það mættu allir til kirkju og svo mættu allir í veisluna, það var alltaf öllum boðið. Þetta voru alltaf kaffiboð þar sem boðið var upp á hefðbundnar kökur á þeim tíma eins og rjómatertur með kokteilávöxtum. Það hefur örugglega verið boðið upp á LazyDazy köku í veislunni minni, það var kaka sem var alltaf í öllum veislum hér, ég veit ekki hvaðan hún kom en hún var mjög oft í veislum. Oft var botninn slegin úr veisluhöldunum með harmonikkuleik og dansi. Feringarveislur sem og aðrar veislur í sveitinni voru alltaf mjög skemmtilegar.



Mynd/Guðbjörg Sigurðardóttir ásamt fermingarbróður sínum og Séra Fjalari á fermingardaginn



# ORÐALEIT

FERMINGARBARN

PENINGAR

KIRKJA

SIÐMENNT

KRANSAKAKA

FOLALDASPJÓT

SÁLMABÓK

MESSUVÍN

TÖLFRÆÐI

FJÖLBREYTTILEIKAVIKA

## Fermingar í Bjarnanesprestakalli 2023

### Skírdagur 6. apríl

Hafnarkirkja kl. 11:00

Ágúst Hilmar Halldórsson

Áskell Vigfússon

Íris Ösp Gunnarsdóttir

Jóhann Frans Ólason

Karitas Björg Ragnarsdóttir

Karítas Diljá Björgvinsdóttir

Thelma Björg Gunnarsdóttir

Silfurbraut 3

Hlíðartún 37

Heiðarbraut 4

Silfurbraut 1

Smárabraut 13

Heiðarbraut 1

Garðsbrún 2

### Laugardagur fyrir páska 8. apríl

Hafnarkirkja kl. 11:00

Hilmar Freyr Ágústsson

Jakob Jóel Ágústsson

Sindri Sigurjón Einarsson

Hafnarbraut 49

Kirkjubraut 59

Smárabraut 5

### Hvítasunnudagur 28. maí

Hafnarkirkja kl. 11:00

Aðalsteinn Ómar Liljason

Ísold Andrea Andrésdóttir

Kristján Reynir Ívarsson

Stefán Birgir Bjarnason

Fákaleira 10b

Hafnarbraut 31

Fákaleira 4a

Hagatún 14

### Sjómanna dagur 4. júní

Bjarnaneskirkja kl. 11:00

Klara Margrét Jónsdóttir

Hæðagarður 19

## Húsmæðraorlof 2023

Orlofsferð austur skaftfellskra kvenna verður farin dagana

**21.-23. apríl n.k.**

Farið verður til Vestmannaeyja. Tökum ferjuna frá

Landeyjarhöfn en þangað förum við á eigin bílum og reynum að sameinast í bíla eftir því sem tök eru á. Réttum úr okkur 1 sinni til 2 á hvorri leið. Gist verður tvær nætur á Hótel Vestmannaeyjum og sameiginlegir kvöldverðir bæði kvöldin.

Skoðunarferð með leiðsögn um Vestmannaeyjar á laugardeginum auk þess sem komið verður við í Eldheimum og Sagnheimum.

Eftir komu til Vestmannaeyja á föstudegi er frjálstími fram að kvöldverði.

Áætluð brottför á föstudegi klukkan **9.00 frá Höfn.**

Ferðin er niðurgreidd af orlofsþjóði húsmæðra en hámarks viðbótarkostnaður á konu er áætlaður **30 þúsund krónur** en fer eftir fjölda þátttakenda.

Hámarksfjöldi er 33 en hótलगisting takmarkar það.

Vinsamlega skráið þátttöku fyrir **2. apríl n.k.** til einhverra undirritaðra orlofsnefndarkvenna. Staðfestingargjald er 10 þúsund krónur og skal greiða við bókun, fyrr eru konur ekki skráðar á farþegalista. Ganga þarf frá greiðslu eftirstöðva eigi síðar en viku fyrir brottför þ.e. föstudaginn 14. apríl.

**Bnr. 0172 15 200007 kt.550269 5119 og geta nafns í skýringu.**

Stofnaður verður fésbókarhópur þeirra sem skrá sig í ferðina. Þar verða frekari upplýsingar. Orlofsnefndarkonur veita einnig nánari upplýsingar. Allar konur sem standa fyrir heimili í sýslunni eru velkomnar í ferðina með fyrirvara um hámarksfjölda.

Eydís; 894 7830 – Sigurlaug; 4781029/8678036 –  
Steina; 4781047/8480047



## Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir áhugasömum einstaklingum í íbúaráð

Bæjarráð hefur haft undirbúning að stofnun þriggja íbúaráða og verður skiptingu þeirra háttað svona:

- Örnefi
- Suðursveit og Mýrar
- Nes og Lón

Ákveðið var að hefja vinnuna með því að óska eftir að fólk gefi sig fram til þess að taka þátt í að undirbúa formlega stofnun ráðanna í samráði við starfsfólk sveitarfélagsins.

Gjaldgengir fulltrúar í ráðin eru þeir sem eru 18 ára og eldri sem hafa lögheimili á viðkomandi svæði. Öll sem eru áhugasöm eru hvött til að gefa sig fram við starfsmenn sveitarfélagsins og bjóða fram krafta sína. Greidd verður þóknun fyrir fundarsetu fulltrúa í íbúaráðunum. Nauðsynlegt er að við val á fulltrúum í íbúaráðin verði horft til fjölbreytileika sem endurspeglar samfélagið með tilliti til kynferðis, aldurs, uppruna og annarra samfélagsþátta.

Hugmyndir að hlutverki íbúaráða:

- Íbúaráð skulu vinna að auknu íbúalýðræði innan sveitarfélagsins og eru mikilvægur samráðsvettvangur innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Að vera formlegur umræðuvettvangur um hagsmunahópa og þjónustu sveitarfélagsins fyrir viðkomandi svæði og stuðla að eflingu félagsauðs.
- Að vera vettvangur samráðs fyrir íbúa, félagasamtök og atvinnulífs á sínu nærsvæði og bæjarstjórnar.
- Að vera vettvangur fyrir íbúa svæðis til að vera virkir þátttakendur í allri stefnumótun Hornafjarðar innan viðkomandi svæðis.
- Íbúaráð skulu vera ráðgefandi fyrir stjórnslu sveitarfélagsins og tengja stjórnkerfið betur að íbúum og nýta þekkingu þeirra í sínu nánasta umhverfi.
- Að gera tillögur til bæjarráðs um starfsemi og þjónustu innan viðkomandi svæðis.

*Tillögum og umsóknum skal skilað til Bryndísar Bjarnarson á netfangið [bryndis@hornafjordur.is](mailto:bryndis@hornafjordur.is) eða [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is)*

*Staðfesting verður send viðkomandi til baka, einnig er hægt að hringja í 4708000 til að fá nánari upplýsingar.*





# HALLDÓR ÓLAFSSON VINNUR VERÐLAUN FYRIR ÞYNGSTA UNGNAUTIÐ



Mynd frá Gunnhildi Birnu Björnsdóttur.  
Nautið Gummi.

Halldór Ólafsson nautabóndi á Tjörn leggur mikið kapp á góða nautgriparækt. Hann velur nautkálfana sína af mikilli vandvirkni og á sínar uppáhalds kýr sem hann velur undan. Hann brennur fyrir nautin sín enda er hann mikill dýravinur.

Nautgriparæktarfélag Austur-Skaftafellssýslu hélt aðalfund á dögnum þar sem Halldóri voru veitt verðlaun fyrir þyngsta ungnautið í Austur-Skaftafellssýslu. Nautið Gummi númer 3233 er verðlaunanautið og vegur 336,8 kg. Gummi er undan kúnni Dóru og skírður í höfuðið á Guðmundi Sigurðssyni frá Vatnsleysu 1 í Biskupstungum. Halldór átti einnig 2 önnur naut á listanum yfir ungnaut sem vógu yfir 315,0 kg.



Mynd/ Halldór Ólafsson.

## HVAÐ Á AÐ GERA VIÐ HÁRIÐ Á FERMINGARDAGINN?

Fermingardagurinn er stór dagur í lífi fermingarbarna og margt sem þarf að huga að á fermingardaginn. Einn lítill en mikilvægur þáttur fyrir suma er hárið, hvað skuli gera við það? Eystrahorn kíkta á Hárstofu Jónu og Ellýar til þess að fá hjá þeim góð ráð fyrir tilvonandi fermingarborn um hvernig best sé að undirbúa hárið fyrir stóra daginn. Fyrir þá sem eru með stutt hár er gott að koma í klippingu viku til 10 dögum áður. Vinsælasta herraklippingin um þessar mundir er mjög stuttklippt með örlítilli sídd að ofan. Þær ráðleggja þeim sem ætla í klippingu að koma með mynd af því sem óskað er eftir svo ekki komi upp misskilningur og fermingarbarnið verði ánægt með útkomuna. Á stóra daginn er svo um að gera að „stæla“ hárið til með uppáhalds gelinu sínu. Fyrir þá sem eru með sítt hár og ætla að setja í það greiðslu eru nokkrir hlutir sem gott er að hafa í huga. Ef fermingarbarnið ætlar að klippa hárið fyrir fermingu

ráðleggja þær þeim að gera það 3 vikum áður, því þverklippta enda getur verið erfiðara að eiga við þegar verið er að gera greiðslu, þannig verður hárið búið að jafna sig og greiðslan heldur sér betur. Einnig er gott að láta djúpnæra hárið um leið og hárið er klippt. Í þessu mikla frosti sem við höfum verið að fá verður hárið þurr og því veitir ekki af auka næringu svo það verði auðveldara að eiga við það. Þær segja mikilvægt að þvo hárið kvöldinu áður og alls ekki nota næringu í það þá, vegna þess að þá er meiri hætta á að liðir og krullur leki úr hárinu. Þær mæla með því að setja gott efni í hárið áður en það er blásið til þess að auka líftíma greiðslunnar ásamt því að sprejja hárlakki yfir í lokinn og af og til yfir daginn.

Vinsælast um þessar mundir er að vera með náttúrulega og einfalda greiðslu. Fallega og léttu liði og hárið tekið frá andlitinu upp í fléttu, snúning eða með einni spennu. Lifandi lítil blóm geta svo sett kirsuberið ofan á rjómann.



Mynd/ eftir Jónu Margréti Jónsdóttur.  
Fermingargreiðsla





Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

27.-31. MARS



# Fjölbreytileikavika

Í Sveitarfélaginu Hornafirði býr fjölbreyttur hópur fólks. Í næstu viku ætlum við að skoða hver fjölbreytileikinn raunverulega er og vekja jákvæða og uppbyggilega athygli á honum. Á síðasta ári var haldin *Hinsegin vika* og tókst hún einstaklega vel. Nú höldum við áfram að vekja athygli á mikilvægum mállefnum, ræða um þau og fræðast.

Við hvetjum alla vinnustaði og stofnanir til að vekja athygli á fjölbreytileikanum og ræða um hann og gera hann eftirsóknarverðan.

Notum myllumerkið #fjölbreytileikiHornafirði og #diversityinHornafjordur þegar við vekjum athygli á fjölbreytileikanum.

Emil emilmoravek@hornafjordur.is og Anna Birna annab@hornafjordur.is taka líka glöð á móti öllum skemmtilegum fréttum frá ykkur.



Here in our municipality lives a diverse group of people and we want to use the coming week to look at the diversity in our community, as well as to draw positive and constructive attention to it. Social diversity is a great thing which every community should embrace and is a necessary part of any great society.

Last year, a Queer pride Week was held and it was extremely successful. We therefore want to continue to draw attention to important issues, to discuss and learn about them.

We therefore encourage all workplaces and organizations to help raise awareness of diversity in their area of work and celebrate our differences.

For this reason, we have adopted the hashtag #fjölbreytileikiHornafirði and #diversityinHornafjordur and we encourage you to tag all discussions and photos on social media with that hashtag.



Grunnskóli  
Hornafjarðar

Tekur þátt með  
Grænfánaverk-  
efninu,  
Hnattraent  
Jafnretti

Sveinn  
Sampsted  
verður með  
hinsegin fræðslu

Sveinn  
Sampsted  
verður með  
hinsegin fræðslu

FAS

FAS tekur þátt  
með uppbotum  
og fræðslu



## Menningarmiðstöðin

Menningarmiðstöðin er að taka myndir af öllum sem heimsækja safnið í þessari viku (að gefnu leyfi að sjálfsgöðu) og í framhaldinu verða myndirnar hengdar upp í Nýheimum í Fjölbreytileikavikunni. Myndirnar verða vonandi sýnishorn af fjölbreytileika Hornafjarðar.



## Mannflóran 27. mars

Mannflóran sem er fræðsluvettvangur um fjölmenningu í íslensku samfélagi verður með fræðslu fyrir skóla og stofnanir í Fjölbreytileikavikunni.

Þann dag verður opin fræðsla kl. 14.45 í Nýheimum og eru öll velkomin.

## Fjölbreytileikanum fagnað

Föstudaginn 31. mars verður fjölbreytileikanum fagnað í Nýheimum milli kl. 12:00 og 14:00. Dagskrá verður birt síðar og er öllum velkomnið að taka þátt.





# HVERJU ÞARF AÐ HUGA AÐ ÞEGAR KEMUR AÐ FERMINGUM?

Ólöf Þórhalla Magnúsdóttir er öllu vön þegar kemur að fermingarveislum enda hefur hún haldið einar fimm fermingarveislur fyrir börnin sín fimm. Eystrahorn fékk Þórhöllu til þess að gefa fermingarbörnum og foreldrum góð ráð til þess að halda farsæla fermingarveislu.

Til að forðast óþarfa stress og vesen þá er gott að gefa sér góðan tíma í undirbúning fermingardagsins og njóta þessa tíma með fermingarbarninu. Því eins og við flest vitum þá verðum við foreldrar óþolandi þjóðflokkur hjá unglingunum í einhvern tíma í kjölfarið meðan hormónavesenið ríkur upp hjá þeim.

Þegar búið er að ákveða fermingardaginn er gott að fara að huga að hvar á að halda veisluna, á að hafa hana heima eða í sal? Ef salur verður fyrir valinu þá er betra að bóka hann fljótlega eftir að dagsetning veislunnar liggur fyrir svo að þú hann sé örugglega laus til bókuunar.



Mynd/Veisluborð í fermingarveislu sem Ólöf Þórhalla hefur haldið

Ráðlagt er að bjóða gestum tímanlega í ferminguna svo þeir geti skipulagt sig, þá þarf að gera upp við sig hvort bjóða eigi með boðskortum eða með því að útbúa facebook viðburð. Það er hægt að gera bæði, sem hentar þá jafnvel breiðum hóp af gestum. Sumum finnst betra að fá facebook boð á meðan öðrum þykir betra að fá boð í pósti.

Hárgreiðslutímann er einnig gott að bóka tímanlega ef það á að nýta sér slíka þjónustu, ég mæli svo með að bóka fyrir

mömmuna í greiðslu í leiðinni.

Ég hafði þann háttinn á að leyfa fermingarbarninu að ráða hvað því langaði að bjóða uppá í sinni veislu. Á að vera kökuveisla, kjöt, fiskur eða súpa og brauð? Þegar fermingarbarnið hefur gert upp hug sinn þá er hægt að skipuleggja í kringum það. Við höfum verið með allar tegundir af mat í veislum hjá einu barnanna var meira að segja hakk og spaghetti einu sinni í boði ásamt öðru. En ef það er ekki kökuveisla þá finnst mér að það verði samt að vera eitthvað sett með kaffinu og er það reyndar fastur liður í fermingum hjá minni fjölskyldu að boðið



Mynd/Kransakaka frá ömmu og móðursystur Ólafar Þórhöllu

er upp á kransaköku sem að er bökuð af ömmu og móðursystur minni.

Ef það á að vera kökuveisla er hægt að byrja að baka snemma og setja í frost og flýta þannig heilmikið fyrir. Síðan eru nokkrir aðilar á Höfn sem taka að sér að gera góðar og fallegar kökur.

Ef að matarveisla er fyrir valinu þá er einnig hægt að byrja snemma að víða að sér aðföngum og margt hægt að forelda. Það eru margir góðir kokkar í sveitarfélaginu okkar ef að fólk vill nýta sér þjónustu þeirra.

Ef það á að bjóða upp á ístertu þarf að panta hana tímanlega og passa að vera með gott frystipláss fyrir hana fram að veisludeginum.

Einnig eru frábærir veitingastaðir og hótél á Höfn og í nágrenni sem að taka að sér að sjá um slíkar veislur og gera það vel.

Það getur verið gott að vera búin að semja við einhvern til að aðstoða í veislunni við að taka af borðum og setja í vél og þess háttar svo að allir í fjölskyldunni geti notið dagsins.

Það þarf að vera fyrirvari á öllu sem á að vera sérmerkt eins og t.d kerti, servíettur, sálmaþok, gestabók og allskonar skraut. Það fæst t.d margt fallegt hjá nunnunum í Hafnarfirði (karmel.is)

Fermingarbarnið þarf að gera upp við sig hvort það ætli að vera með litapema eða ekki og finna rétta litinn ef að slíkt verður fyrir valinu.

Fermingarfötin eru eitthvað sem þarf að velja fyrir sér en það er ekkert betra að gera það snemma, því þetta eru jú einstaklingar í vexti.

Gott er að punkta niður hvernig allt var og hvað mætti vera betra ef að börnin eru fleiri en eitt og svo nokkrum árum seinna fara að tikka inn stúdentarnir og þá kanntu þetta bara allt en þær veislur eru nú oftast smærri í sniðum. Þetta eru skemmtilegir og eftirminnilegir dagar sem á að njóta í botn með ættingjum og vinum.

Að lokum er auðvitað nauðsynlegt að eiga myndir frá þessum dögum og eru nokkrir góðir áhugaljósmyndarar á Höfn



Mynd/fermingakaka úr veislu sem Ólöf Þórhalla hélt.

# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## Hörpudiskar og döðluíssósa Ara Þorsteinssonar og Maríu Gísladóttur

Við þökkum Dóra í Pakkhúsinu kærlega fyrir áskorunina og falleg orð í okkar garð.

Framlag okkar í blaðið í dag verður forrétturinn hörpudiskur með saffran sósu og eftirrétturinn vanilluís með döðludósu. Hörpudiskinn höfum við gjarnan haft sem forrétt á gamlárskvöld en hann er líka flottur sumarréttur og fallega gul sósan hentar óneitanlega vel í litapallettuna á páskunum. Sósan sem er einstaklega góð passar líka með risarækjum, fiski og kjúklingi. Döðluís-sósan er ættuð frá Guðmundi kaffeini eða Mugg, fyrrverandi hafnarstjóra á Ísafirði en honum kynntumst við í Hrísey þegar við bjuggum þar fyrir margt löngu og hefur fylgt okkur síðan.

Við skorum síðan á Önnu Erlu Þorsteinsdóttur og Ólaf Vilhjálmsson sem stofnuðu Humarhöfnina og héldu uppi heiðri og sóma hennar með okkur til fjölda ára.



### Saffran sósa (fyrir 4-6)

2 skalottulaukar, fint saxaðir.  
½ bolli hvítvín.  
1 bolli góður kjúklingakraftur.  
4 klípur af saffrani (uþb. ½ gramm).  
2/3 bolli rjómi.  
3 msk. hrein jógurt.  
Sítróna, salt og pipar.

### Aðferð

Setjið lauk og hvítvín í pott og sjóðið niður um uþb. helming.

Bætið kjúklingakrafti og saffrani við (setjið saffran fyrst í litla skál með 1 matskeið af heitu vatni og bætið því svo útí ásamt vatninu). Látið sjóða vel saman smá stund og bætið þá rjómanum við og sjóðið áfram smá stund í viðbót.

Kælið sósuna lítillega og bætið jógurt við ásamt sítrónu kreisti og smakkið til með salti og pipar. Sósuna má gera fyrr um daginn og hita upp þegar hörpudiskurinn er steiktur.

### Hörpudiskur.

Afþýðið hörpudisk og þerrið vel, saltið og piprið smávegis.

Hitið smjör á góðri pönnu. Smjörið á að vera vel heitt án þess þó að brenna. Steikið hörpudiskinn þannig að hann fái fallega gullinn steikingarlit en varist að ofelda, þá verður hann seigur og það viljum við alls ekki (max 2 mín. á hlið).

Hörpudiskurinn settur á disk 3-4 á manni, smá af sósu sett ofaná, og borið fram með salatblaði og ristuðu brauði eða góðri bagettu.



### Döðluís-sósa.

Brytjið döðlur í smáa bita.

Bræðið uþb. 1 matskeið af smjöri á pönnu og léttsteikið döðlurnar í því. Stráið smá sykri yfir, passa að hann brenni ekki. Bætið rjóma við og látið sjóða rólega niður, sósan á að vera frekar þykk. Þá er allt tilbúið út á einhvern ljómandi góðan vanillu ís. Kaffeinninn laumaði því líka að okkur að það gæti verið gott að bæta smá koníaki eða líkjör útá pönnuna áður en rjómanum er bætt við en það höfum við auðvitað aldrei prófað.

Gangi ykkur vel!





# Mannflóran

Mannflóran er fræðsluvettvangur um fjölmenningu í íslensku samfélagi í umsjón Chanel Bjarkar. Chanel heldur fræðslu um fjölmenningu og fordóma sem byggir á bæði fræðilegri þekkingu og eigin reynslu Chanel af kynþáttafordómum í íslensku samfélagi.

Mánudaginn 27. mars, Höfn í Hornafirði.

10:30: Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu. Staðsetning: Nýheimar

13:00: Grunnskóli Hornafjarðar. Staðsetning: Sindrabær

14:45: Almennigur. Staðsetning: Nýheimar

16:15: Starfsfólk leikskólans. Staðsetning: Leikskólinn

# FRÆÐSLUFERÐ UMHVERFIS HORNAFJARÐAR TIL KAUPMANNAHAFNAR



fyrirgreindum úrgangspríhyrningi. Á efri hæð flokkunarstöðvarinnar mátti finna skólastofu þar sem skólarnir koma reglulega með krakkana og fá fræðslu.

Danir eru greinilega framarlega í fræðslu um flokkun og umhverfismál til skólabarna. Hópurinn varð vitni að því jafnt í Kaupmannahöfn og á Borgundarhólmi að það var virk fræðsla til barna í grunnskóla og aðstaða á flokkunarstöðum til þess. Öll börn á Borgundarhólmi fara að minnsta kosti tvisvar sinnum á grunnskólagöngu sinni í heimsókn í flokkunarstöðina og fá fræðslu.

Við sjáum tækifæri í sveitarfélaginu okkar til þess að veita enn meiri fræðslu um úrgangsmálin til skólabarna og íbúa. Í framtíðarskipulagi ætti að gera ráð fyrir slíkra aðstöðu við flokkunarstöðina.

Að lokum viljum hér vekja athygli á samfélagsþátttökunni og mikilvægi hennar, hún skein í gegn víða þar sem hópurinn fór. Við eina hliðargötu á Strikinú í Kaupmannahöfn heimsótti hópurinn eina af samfélagsmiðstöðvum Kaupmannahafnarborgar, Huset, sem einnig hýsir kaffihúsið Bastard Cafe. Þar var að finna mikið magn af spilum sem hægt var að fá afnot af fyrir lítið. Á sama tíma og hópurinn kom þar við var einnig morgunverðar-bingó í gangi. Það var mjög ánægjulegt að sjá samsetningu fólksins á kaffihúsinu, þar var allur aldur og margs konar hópar. Félagleg tengsl þvert á samfélagsþátttökum skipta máli.

Hvernig væri ef Nýheimar væru skilgreind sem samfélagsmiðstöð okkar þar sem rekið væri kaffihús og hægt væri að hittast af og til og spila saman og drekka gott kaffi?

Heim til Íslands komum við aftur, full af innblæstri og hugsjón. Allt það sem við skoðuðum í Danmörku á beint erindi í Sveitarfélaginu Hornafirði, verkefni sem ætti að vera lítið mál að aðlaga að minna samfélagi ef vilji er fyrir hendi. Markmiðið er svo skýrt, að efla hringrásarhagkerfið.

Upplifun okkar eftir þessa ferð er mikilvægi breiðrar þátttöku í umhverfismálum. Öll vitum við eitthvað og saman vitum við svo miklu meira! Hafir þú áhuga á að fræðast meira um ferð okkar eða taka virkan þátt í Umhverfis Hornafirði, þá endilega kíktu við í föstudagshádegi í Nýheimum, föstudaginn 24. mars kl. 12:00. Minnum einnig á að hægt er að fylgjast með Umhverfis Hornafirði á samfélagsmiðlum.

*Anna Ragnars, Elín Ýr, Guðrún Ásdís, Helga Arna, Ingaló og Tómas Núi.*

Unga kynslóðin, sú miðaldra og kynslóðin sem er hokin af reynslu og hefur reynt tímana tvönnu lagði af stað í langferð til Danmerkur í fræðsluferð í nóvember síðastliðnum. Samsetning hópsins var engin tilviljun. Hópurinn átti að endurspeglar breiðan hóp íbúa í sveitarfélaginu Hornafirði svo að reynsla ferðarinnar myndi skila sér sem víðast eftir að heim væri komið. Öll áttum við það þó sameiginlegt að vera áhugasöm um sormál, hringrásarhagkerfi og samfélagsþátttöku.

En af hverju að fara alla leið til Danmerkur með tilheyrandi ferðakostnaði og umhverfisspori? Við vorum svo sannarlega meðvituð um áhrif langra ferðalaga á heimili okkar hér á jörðu. En heimskur er heima alinn maður segir einhvers staðar. Umhverfis Hornafjörður er verkefni sem fékk styrk úr hringrásarsjóði Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins árið 2021. Styrkurinn var m.a. hugsaður til þess að efla grasrótna í umhverfismálum og til að fræða og upplýsa íbúa.

Tilgangur ferðarinnar var einmitt að skoða hvort við gætum lært eitthvað af nágrennaþjóð okkar og tekið með okkur þekkingu og hugmyndir heim í hérað. Á þremur dögum náði hópurinn að skoða fjölmargt sem snertir á stóra verkefnum, hringrásarhagkerfinu, og erfitt er að ná utan um allt í þessum skrifum. Það sem helst stendur upp úr er einkum þrennt: Mikilvægi aðgengis þegar kemur að flokkun úrgangs, áhersla Dana á fræðslu um

sormál og mikilvægi þess að skapa rými fyrir félagslega þátttöku og grasrótarumhverfi. Varðandi aðgengi þegar kemur að flokkun úrgangs, þá var aðal flokkunarstöðin í Kaupmannahöfn, Sydhavn genbrugscenter, til fyrirmyndar.

Við innkomu á stöðina er það fyrsta sem tekur á móti notendum hennar möguleikinn á að koma úrganginum (auðlindinni) í endurnýtingu. Þar er staðsett verslun með notaðar vörur, í þessu tilfelli rekin af flokkunarstöðinni, sem í senn var nytjaverslun sem og efnismiðlun. Þegar komið var inn í verslunina mátti sjá frumkvöðla að vinnu, bæði við saumaskap sem og á fullkomnu smíðaverkstæði. Frumkvöðlar geta óskað eftir vinnuástöðu gegn því að allur þeirra efniviður sé úr endurnýttu hráefni sem fellur til á flokkunarstöðinni og eins er gerð krafa um samfélagsviðburð sem íbúum er boðið á, t.d. námskeið eða önnur fræðsla. Með þessu móti er ekki hjá því komist að verða vitni að endurnotkun þegar komið er á flokkunarstöðina.

En það er jafnframt fyrsta þrepið í úrgangspríhyrningnum sem má sjá mynd af hér til hliðar. Hönnun flokkunarstöðvarinnar var með besta móti og aðgengi að öllum úrgangsflokkum sérlega gott og greinilegt að allra síðasti flokkurinn til að koma ruslinu frá sér var "óendurvinnanlegt" og þar með úrgangur sem fer í urðun eða brennslu. Það er jafnframt síðasta þrepið í





## UMHVERFIS HORNAFJÖRÐUR

BÝÐUR Í  
FÖSTUDAGSHÁDEGI



Grasrótahópur Umhverfis Hornafjarðar  
kynnir verkefnið og hringrásarheimsókn  
sem farin var til Danmerkur haustið 2022



Nýtorg í Nýheimum



Föstudaginn 24. mars '23  
Klukkan 12:00



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLEUSKRA  
SVEITARFÉLAGA



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið

## Kúttmagakvöld



Kúttmagakvöldið okkar  
vinsæla verður haldið  
á **Hafinu**  
laugardaginn **1. apríl n.k.**  
Húsið opnað kl. 19:00

### Veislustjóri:

Snorri Aðalsteinsson  
Þúsundþjalasmiður

### Miðaverð:

6500 KR.

**Allir karlar velkomnir**  
*Lionsklúbbur Hornafjarðar*

# Skaftfellingaball

Föstudaginn, 31. mars 2023

í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14, Reykjavík

Endurvekjum gömlu góðu Skaftfellingaböllin

### Dagskrá

20:30 - Barinn opnaður

21:30 - Söngur og gamanmál félaganna

Davíðs Ólafssonar og Stefáns Stefánssonar

22:00 - **Sigga og Grétar** stökkva á svið og  
halda uppi dúndur dansmúsík fram yfir  
miðnættið

Miðaverð 3.000 kr.

Koma svo - Austur og Vestur Skaftfellingar!





Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
velliðan fyrir alla

## Sveitarfélagið Hornafjörður leitar að verkefnastjóra í stafrænni þjónustu, vefþróun og upplýsingatækni.

*Hjá Sveitarfélaginu Hornafirði starfar öflugur og samheldin hópur fólks með metnað fyrir framtíð sveitarfélagsins. Við leitum að einstaklingi með áhuga á fjölþættu og gefandi starfi sem tengist inná fjölmörg verkefni innan stjórnsýslunnar. Starfið gegnir mikilvægu hlutverki í stafrænni umbreytingu í miðlun og veitingu góðrar þjónustu. Umhald verkefna er á breiðum grunni og spannar marga þætti þjónustu. Rík áhersla er lögð á gott skipulag og umhald upplýsinga með teymisvinnu.*

### Helstu verkefni og ábyrgð

Umsjón með upplýsingatæknimálum, notendapjónustu og kerfum sveitarfélagsins  
Þróun og stefnumótun stafrænnar stjórnsýslu og upplýsingamiðlunar  
Samningagerð og samskipti við þjónustuaðila upplýsingatæknikerfa  
Umsjón með heimasíðum og samfélagsmiðlum sveitarfélagsins  
Miðlun og gerð fréttu af vettvangi sveitarfélagsins  
Þátttaka í markaðssetningu og samskiptum

### Menntunar- og hæfnikröfur

Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða haldbær reynsla á umræddu starfssviði  
Þekking og áhugi á stafrænni þróun og upplýsingatækni  
Reynsla af vefþróun og verkefnastýringu stafrænna verkefna  
Þekking á notendaviðmóti og virkni stafræns umhverfis  
Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur  
Framúrskarandi íslensku- og enskukunnátta  
Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar  
Reynsla af upplýsinga- og kynningarmálum er kostur  
Frumkvæði og áhugi á teymisstarfi ásamt hæfni í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins við viðkomandi stéttarfélag. Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum til þess að sækja um.

Umsóknir berist á netfangið [sigurjon@hornafjordur.is](mailto:sigurjon@hornafjordur.is) og skulu innihalda ferilskrá og kynningarbréf. [Umsóknir skulu merktar „Verkefnastjóri stafrænna lausna og tækni“](#) og þurfa þær að berast eigi síðar en 2. apríl. nk. Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurjón Andrússon bæjarstjóri, [sigurjon@hornafjordur.is](mailto:sigurjon@hornafjordur.is)





## SPURNING VIKUNNAR


*Af hverju ætlar þú að fermast?*



**Íris Ösp Gunnarsdóttir**  
Fyrir gjafirnar



**Karítas Diljá Björgvinsdóttir**  
Því ég trúi á guð.



**Stefán Birgir Bjarnason**  
Fyrir guð og veisluna.



**Jakob Jóel Ágústsson**  
Því ég trúi á guð





LEIKFÉLAG  
HORNAFJARÐAR



FAS

# GALDRAKARLINN Í OZ

LEIKSTJÓRI: VALA HÖSKULDSDÓTTIR  
SÝNT Í MÁNAGARÐI

FRUMSÝNING 24. MARS KL. 9:00 **FULLBÓKAÐ**

2. SÝNING 25. MARS KL. 17:00

3. SÝNING 26. MARS KL. 13:00

4. SÝNING 26. MARS KL. 17:00



Miðasala á fb síðu  
Leikfélag Hornafjarðar

og í síma á milli kl. 17 - 20

691-6750 / 892-9354

Miðaverð 3500 / 2500 börn || Enginn posi